



Sigurjón með tillögu sína að minnismerki um lýðveldisstofnun.

Minnismerki um lýðveldisstofnun

SIGURJÓN Ólafsson, myndhöggvari, hefur lokið við að gera tillögu að minnismerki um stofnun lýðveldis á Íslandi, er borgarráð fól honum að gera, en ætlunin er að reisa það í Reykjavík. Kveðst Sigurjón hafa verið að vinna að því í vetur, og nú hefur hann sýnt borgarráði tillöguna. Listamaðurinn fékk engin fyrirmæli um hvernig listaverkið skyldi vera. Hann hefur gert fimm figúrunur, sem standa á palli. Hugsar hann sér að vatn

verði í kring, ef listaverkið verður unnið og sett upp, þannig að figúrunar standi upp úr tjörn, og gætu speglazt í vatninu í kyrru veðri. Þannig gætu þær líka minnt á dranga, sem standa upp úr fletinum.

Ekki gaf Sigurjón nein svör við því hvort myndin hefði ákveðna merkingu. En hann sagði, að gaman yrði að fá að vinna hana í kopar, en það gæti hann gert sjálfur á vinnustofu sinni með hjálp

járnsmiðs. Tillöguna hefur hann unnið úr froðuplasti og aðra úr tré. Stærðin á myndinni yrði að fara eftir því hvar hún yrði sett upp, en minnsta stytta þyrfti alltaf að vera 5–6 metrar á hæð.

Í vinnustofu listamannsins sáum við stóra höfuðmynd af Gunnari Gunnarssyni, sem Sigurjón er að höggva í gabbro fyrir Bandalag ísl. listamanna. Og þar stendur nýgerð gipsmynd af Jóni Helgasyni, prófessor.